

Reglugerð

um viðauka við reglugerð 30. júní 1916 um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum 24. maí 1916 eru hjermeð sett eftirfarandi viðaukaákvæði við reglugerð 30. júní 1916.

1. gr.

Bannað er að hlaða í skip á íslenskri höfn fisk og fiskafurðir, þar á meðal síld, síldarmjöl og síldarlýsi, ull, gærur og saltað kjöt, án þess að varan hafi verið boðin til kaups umboðsmanni Breta hjer á landi, nema hann hafi neitað að kaupa eða liðnir sjeu meira en 14 dagar frá framboðinu án þess að hann hafi svarað.

Hver sá, er hlaða lætur ofan nefndar vörur, svo og skipstjóri, er við þeim tekur, án fullnægju framannefndra skilyrða, skal sekur um 200—10000 krónur til landssjóðs.

Skip og farmur er að veði fyrir sektunum.

2. gr.

Bannað skal að afgreiða skip frá íslenskri höfn, nema lögreglustjóra eða umboðsmanni hans hafi verið sýnd skilríki fyrir því, að skilyrðum, er í 1. gr. getur, um framboð til umboðsmanns Breta hafi verið fullnægt.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda að eins, ef vörur þær er í 1. gr. getur, eiga að fara til annara landa en Stóra-Bretlands, bandamanna þess, Spánar, Ameríku eða til Danmerkur til heimaneyslu að því leyti, sem útflutningur hjeðan í því skyni kann að geta átt sjer stað, og eftir reglum, sem þar um verða settar.

4. gr.

Skip, sem nú liggur á íslenskri höfn og bíður hleðslu eða er byrjað að hlaða nefndum vörum og eigi eiga að fara til Stóra-Bretlands, bandamanna þess

Spáanar, Ameríku eða Danmerkur undir skilorði því, er í 3. gr. getur, má eigi **104** heldur afgreiða án fullnægju áðurnefnds skilyrðis um framboð til umboðsmanns 28. júlí Breta, en í þessu tilfalli verður svar veitt innan 24 klst. frá móttöku framboðs.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 28. júlí 1916

Einar Arnórsson

Jón Hermannsson.